

Reykjavík 20.08.2025

Efni: Umsögn Fuglaverndar um drög að stefnu og markmiðum stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni til ársins 2030 (mál nr. S-106/2025 í Samráðsgátt, <https://island.is/samradsgatt/mal/3991>).

Í Samráðsgátt eru drög að stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni. Fuglavernd fagnar því ákaft að drög að þessari mikilvægu stefnu hafi loks litið dagsins ljós og hrósum aðstandendum hennar fyrir vandaða vinnu, jafnt í samráðsferlinu og í þeim texta sem finna má í stefnunni. Ljóst er að alúð hefur verið lögð við þessa vinnu og að mikil þekking og yfirsýn liggur hjá höfundum draganna, auk þess sem þeir virðast hafa nýtt vel þau gögn sem komu úr samráðsferlinu.

Stefnan setur ný viðmið þegar kemur að málefnum líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi með því að vera mjög metnaðarfull – án þess þó að ganga lengra en nauðsynlegt er. Það er enda löngu tímabært að málefnið sé tekið miklu fastari tökum í íslenska stjórnkerfinu, þar sem það hefur legið nær afskiptalaust undanfarna áratugi. Fyrir vikið standa Íslendingar mjög aftarlega hvað þetta varðar og vinna þarf hratt og vel á næstu misserum.

Stefnan er skýrt upp sett og er ekki annað að sjá en að hún ætti að vera flestum vel skiljanleg. Leiðarljósín sex eru rökrétt og draga fram hversu fjölbreytt, víðfeðm og útbreidd viðfangsefnin fram undan eru.

Horfa má fram á bjartari tíma ef stefnan verður að veruleika og öll hennar markmið nást á næstu fimm árum. Til þess að það gerist þarf þó ekkert minna en byltingu í íslenska stjórnkerfinu á mjög skömmum tíma. Fyrst þarf að samþykkja þessa stefnu, svo þarf að leggja fram ítarlega, tímasetta og vel fjármagnaða aðgerðaáætlun um hvernig markmiðin eiga að nást og mikilvægasta skrefið er svo að hrinda þessu öllu í framkvæmd. Halda þarf í bjartsýnina um að það takist en árangur undanfarinna ára gefur tilefni til að halda væntingum í hófi. Til að markmiðin náist þarf a.m.k. umfangsmikið og vel skipulagt átak með fjölbreyttum aðgerðum á mörgum sviðum samtímis. Reyndar má segja að við eigum engra annarra kosta völ en að hrinda þessari stefnu í framkvæmd – því eins og fram kemur í stefnudrögunum, þá eru málefni líffræðilegrar fjölbreytni ekki síður mikilvæg en t.d. loftslagsmálin en markvissar aðgerðir á allra næstu árum eru nauðsynlegar ef halda á sömu eða svipuðum lífsgæðum hér á landi til langrar framtíðar. Árið 2030 nálgast óðfluga og okkur er ekki til setunnar boðið.

Þótt stefnudrögin séu í heild sinni vel unnin, þá gerir Fuglavernd nokkrar athugasemdir við einstök atriði sem hér verða dregin fram. Rétt er þó að árétta að

ekki er hér á eftir minnst á margt af því góða sem stefnan felur í sér, heldur er sjónum frekar beint að því sem betur mætti fara.

Leiðarljós A – Sterkur sess líffræðilegrar fjölbreytni innan stjórnerkis

Gott fyrirkomulag innan stjórnerkisins með tilliti til málefna líffræðilegrar fjölbreytni er forsenda árangurs á málefna sviðinu. Fuglavernd tekur heils hugar undir tillögurnar í stefnuþrógunum og fagnar sérstaklega stofnun lífríkisráðs. Hins vegar efast Fuglavernd um að minni sveitarfélög valdi hlutverki sínu til verndar líffræðilegri fjölbreytni.

Hlutverk sveitarfélaga

Eins og fram kemur í stefnuþrógunum sinna sveitarfélög mikilvægum hlutverkum í nærsamfélaginu og eru í aðstöðu til að hafa mikil áhrif á framkvæmd þessarar stefnu. Af fenginni reynslu telur Fuglavernd að sveitarfélög muni almennt ekki hafa hagsmuni líffræðilegrar fjölbreytni að leiðarljósi í starfsemi sinni. Til þess eru sveitarfélögin á Íslandi of mörg og flest of mannfá. Fámenn sveitarfélög (<5.000 íbúar) búa almennt ekki yfir þekkingu og færni til að taka nægilegt tillit til náttúruverndar, þar á meðal líffræðilegrar fjölbreytni. Hlutverk sveitarfélaga er að afla tekna til að geta haldið uppi háu þjónustustigi. Þess vegna má almennt segja að þau fagna og ýta undir aukin umsvif á sínum svæðum, t.d. framkvæmdir sem koma niður á líffræðilegri fjölbreytni. Aðgerðir til verndar líffræðilegri fjölbreytni fela oft í sér kostnaðarauka til skemmri tíma og er því ólíklegt að sveitarfélög ráðist í þær, jafnvel þótt sá kostnaður komi að líkindum margfaldur til baka síðar meir. Sveitarfélögin hafa einfaldlega flest ekki tíma til að bíða eftir þeim hagnaði. Þótt það hljómi vel að fela sveitarfélögum stórt hlutverk í þessari vegferð vegna þess að þau eru nærri viðfangsefnunum er hætt við að það geti staðið árangri á málefna sviðinu fyrir þrifum. Á bls. 26 er reyndar tekið fram að veita þurfi sveitarfélögum faglegan og fjárhagslegan stuðning til að annast og standa undir ábyrgð á viðfangsefninu. Öflugur stuðningur af því tagi gæti mögulega komið til móts við þau atriði sem nefnd eru hér að framan en reynslan hefur þó sýnt að klofning um álitaatriði þegar kemur að t.d. skipulagsmálum getur verið afar erfitt að leysa innan smárra samfélaga. Þessu tengt, þá er ekki fjallað um hlutverk náttúruverndarnefnda sveitarfélaga í stefnuþrógunum en mjög mikilvægt er að náttúruverndarnefndir starfi ekki í hverju og einu sveitarfélagi eins og nú er oftast, heldur sameinist stærri landsvæði, t.d. landshlutasamtök, um að reka sameiginlegar náttúruverndarnefndir. Með því mætti draga úr hagsmunaárekstrum og óþægilegri nálægð við afgreiðslu mála, auk þess að auka yfirsýn og þekkingu innan slíkra nefnda. Þannig skapast tækifæri til að gera þær að raunverulegum áhrifavöldum í umhverfismálum.

Leiðarljós B – Verndun og endurheimt vistkerfa og tegunda

Stefnudrögin gera hér ráð fyrir nauðsynlegum en metnaðarfullum breytingum frá því sem nú er. Í grunninn er þó um breytingar að ræða sem íslensk stjórnvöld hafa þegar skuldbundið sig til að takast á herðar. Þegar stefnan hefur verið samþykkt þurfa allir hlutar stjórnkerfisins því að vinna hratt, skipulega, vel og sem ein heild til að ná markmiðum stefnunnar.

Eitt af meginmarkmiðum leiðarljóss B er að stefna að því að 30% svæða sem teljast mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni njóti skipulegrar verndar fyrir 2030 (innan 5 ára!). Neðst á bls. 36 er því ranglega haldið fram að á þurrlendi Íslands sé það markmið innan seilingar. Þá er væntanlega miðað við heildarflatarmál friðlýstra svæða á landi (20.549 km²), sem eru tæp 20% landsins.¹ Aðeins lítið brot af þeim svæðum (væntanlega <5% af landinu) eru friðlýst vegna mikilvægis líffræðilegrar fjölbreytni og því er enn langt í land hvað það varðar.

Endurheimt vistkerfa (vistheimt) er gríðarlega mikilvæg og hana þarf að stórauka sem fyrst. Í umfjöllun stefnudraganna um endurheimt þyrfti þó að draga skýrar fram að óröskuð vistkerfi starfa almennt betur en endurheimt að sömu gerð og flatarmáli. Óröskuð vistkerfi veita þannig að jafnaði betri þjónustu. Því er hlutfallslega mikilvægara að vernda mikilvæg óröskuð vistkerfi en að endurheimta þau sem raskað hefur verið. Í ljósi loftslagsváringar, sem og vernd líffræðilegrar fjölbreytni, þyrfti að stórbæta vernd bæði votlendis á landi (óháð stærð þeirra þar sem lítil svæði eru einnig mikilvæg²) og leira³ og gera það að meginreglu að bannað sé að raska öllum slíkum svæðum nema í þágu brýnna hagsmuna almennings. Þótt ótrúlegt megi virðast er enn framræst mun meira flatarmál votlendis á ári hverju en er endurheimt hér á landi. Af sömu ástæðu ætti, þegar ekki er talið komist hjá því að raska mikilvægum óröskuðum vistkerfum, alltaf að krefjast endurheimtar á mun stærra flatarmáli sambærilegra vistkerfa. Að mati stjórnar Fuglaverndar ætti ávallt að skylda framkvæmdaaðila til að endurheimta a.m.k. tvisvar sinnum meira flatarmál af leirum en var raskað og a.m.k. þrisvar sinnum meira flatarmál af votlendi. Þannig mætti komast nær því að heildarþjónusta endurheimtu svæðanna jafnist á við þjónustu röskuðu svæðanna sem ekki verða lengur fyrir hendi. Slík ákvæði myndu minnka hvata til að raska mikilvægum óröskuðum búsvæðum.

Í kafla um verndun tegunda, stofna og erfðabreytileika (3.3.3. B3) er talað um „vöktun til að auka sjálfbærni nýtingar“. Vöktun nytjastofna er alltaf nauðsynleg og

¹ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og--skrar/URN/Fridlystsvaedi_skyrsla_starfshops_2022.pdf

² <https://skemman.is/handle/1946/46279>

³ https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Leirur-Fuglar_14.pdf

hana þarf í mörgum tilfellum að stórbæta en því miður er það ekki svo að slæmar niðurstöður vöktunar leiði sjálfkrafa til breytinga á nýtingu þannig að hún geti talist sjálfbær. Jafnvel eru dæmi um stofna sem eru vel vaktaðir, sýna samfellda niðursveiflu og eru í verstu flokkum válista (t.d. lundi), þar sem haldið er áfram á sömu braut ofnýtingar (ósjálfbærra veiða) á meðan stofninn hrynur. Þessu þarf að sjálfsgöðu að breyta strax. Gerð válista fylgir alþjóðlega viðurkenndri vísindalegri aðferðafræði og ætti regluverkið að vera þannig úr garði gert að þegar stofn lendir í einhverjum af hættuflokkum válista (CR, EN, VU), ætti sjálfkrafa að virkja ferli í stjórnkerfinu sem grípur til aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Þetta geta verið aðgerðir varðandi veiðistjórnun, vernd gegn framandi og ágengum tegundum (t.d. mink) og/eða vernd og endurheimt búsvæða – allt eftir því sem við á í hverju tilfalli. Stjórn Fuglaverndar telur að ekki ætti undir nokkrum kringumstæðum að leyfa veiðar eða sölu afurða tegunda sem falla í verstu flokka válista (CR, EN, VU) enda geta slíkar veiðar aldrei talist sjálfbærar og ganga þess vegna gegn núverandi villidýralögum. Athugasemdin í þessari efnisgrein er nátengd leiðarljósi C um sjálfbæra auðlindanýtingu.

Í sama kafla (3.3.3. B3) fjallar 6. markmiðið um að endurskoða þurfi lagaramma og regluverk um friðun, vernd og sjálfbærar veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ánægjulegt er að sjá þetta markmið, enda löngu tímabært að slík endurskoðun fari fram. Þarna væri styrkur að vísa til þess að fyrir liggur ítarleg þarfagreining á þeim atriðum sem breyta þarf frá núgildandi lögum í skýrslunni *Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur*, sem skilað var árið 2013. Vegna þess að nær engar breytingar hafa orðið á lagarammanum síðan skýrslan kom út, þá stendur hún enn að fullu fyrir sínu. Fuglavernd telur eindregið að skýrslan ætti að vera grundvöllur að nýjum lagaramma um villt dýr. Hana má finna [hér](https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/04/2013_Vernd-velferd-og-veidar-LOKA-8-mai-2013.pdf).⁴

Leiðarljós C – Sjálfbær landnotkun og auðlindanýting í sátt við líffræðilega fjölbreytni

Í stefnudrögunum er fjallað um að innleiða vistkerfisnálgun, sem yrði mikil framför. Mikilvægt er að horfa ekki á einstaka þætti vistkerfisins í tómarúmi, því engin lífvera lifir þannig. Því miður er þetta þó enn stundum gert og má sem dæmi nefna nýja stjórnunar- og verndaráætlun rjúpunnar. Þar er einblínt á rjúpnastofninn en litið fram hjá því að sú skerðing á náttúrulegri stofnstærð rjúpu með veiðum sem áætlunin felur í sér bitnar með beinum hætti á stofnstærð þjóðarfuglsins fálka.

⁴ https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/04/2013_Vernd-velferd-og-veidar-LOKA-8-mai-2013.pdf

Fálkinn er talinn í hættu (EN) á valista en stærð stofnsins hefur minnkað um helming á sex árum og hefur stofninn aldrei verið minni frá því vöktun hans hófst árið 1981.⁵ Slíkar upplýsingar þyrfti að innlima í stjórnunar- og verndaráætlun hans langmikilvægustu bráðartegundar og kalla á viðbrögð í stjórn rjúpnaveiða. Annað dæmi um úrelta „einnar-tegundar nálgun“ má finna varðandi nýtingu á þangi og þara hér við land, þar sem lítið sem ekkert tillit er tekið til áhrifa nýtingar á kolefnisbindingu og mikilvægis þörunganna sem búsvæðis, m.a. fyrir fjölmörg sjávardýr, sem uppeldissvæði ýmissa fiska sem nýtast bæði sjófuglum og mönnum, og sem fæðuöflunarsvæðis m.a. æðarfugla og skarfa.

Í kafla 3.4.1 um skipulag og framkvæmdir mætti kveða skýrar að orði í 4. markmiðinu, þar sem fjallað er um mótvægisáðgerðir. Þar á meðal varðandi hlutfall flatarmáls endurheimts svæðis miðað við nýraskað svæði. Í ljósi loftslagsvárnar og líffræðilegrar fjölbreytni ætti að banna röskun votlendis og leira nema í undantekningartilfellum og fara ávallt fram á endurheimt stærra svæðis en þess sem raskað var í þeim tilfellum þar sem röskun er talin óhjákvæmileg, sbr. umfjöllun hér að framan. Í 4. markmiði kafla 3.4.3 er líka komið inn á þetta atriði en þar segir að „Þurrkun votlendis og raski á náttúruskógum verði hætt“. Þarna mætti segja skýrt að það verði bannað, því varla er til önnur leið til að hætta því alveg. Þetta ákvæði ætti að gilda um mikilvæg vistkerfi eins og votlendi, leirur og náttúruskóga óháð flatarmáli þeirra á viðkomandi stað.

Á nokkrum stöðum í stefnudrögunum er talað um að varðandi landgræðslu og skógrækt skuli fylgja stefnunni sem mótuð var í *Lífi og landi*.⁶ Undirritaðar vara við að fylgja henni í blindni, því hún gerir lítið úr mögulegum neikvæðum áhrifum skógræktar á líffræðilega fjölbreytni. Sýnt hefur verið fram á að nú fækkar í stofnum ábyrgðartegunda Íslendinga á meðal vaðfugla og að skógrækt eins og hún hefur verið stunduð hér hefur afar neikvæð áhrif á stofnstærðir þeirra.^{7,8} Í *Landi og lífi* er gert ráð fyrir að framkvæma óháð faglegt áhættumat á framandi tegundum sem notaðar eru í skógrækt en slíkt mat liggur ekki fyrir. Tvær af helstu skógræktartegundunum, stafafura og sitkagreni, hafa þó flokkast í hæsta áhættuflokk í slíku mati í Noregi,^{9,10} sem gefur vísbendingar um niðurstöður slíkrar flokkunar á Íslandi. Þess skal getið að hópur íslenskra sérfræðinga um framandi og ágengar tegundir (ÍSÁT) vinnur nú að

⁵ <https://www.natt.is/is/frettir/2025/08/sterkur-rjupnastofn-en-faekkun-falka-heldur-afraam>

⁶ [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Landoglif_Stefna2031%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Landoglif_Stefna2031%20-%20Copy%20(1).pdf)

⁷ <https://doi.org/10.1080/00063657.2025.2450394>

⁸ <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

⁹ <https://lister.artsdatabanken.no/fremmedartslista/2023/2617>

¹⁰ <https://lister.artsdatabanken.no/fremmedartslista/2023/2618>

slíku faglegu, óháðu mati fyrir stafafuru í samstarfi við Norðmenn og ætti það að liggja fyrir á komandi vetri. Fuglavernd styrkir þá vinnu með fjármögnun frá RSPB. Í 6. markmiði kafla 3.4.3 er stefnt að mótun verklags við nytjaskógrækt sem tekur fullt tillit til líffræðilegrar fjölbreytni. Það yrði mikil stefnubreyting skógræktar á Íslandi, sem ber að fagna. Nýleg dæmi frá Saltvík við Húsavík og víðar sýna glögglega fram á nauðsyn þessarar stefnubreytingar en þó má benda á að þau landspjöll voru unnin á varptíma fugla og löngu eftir að stefnumótun *Lands og lífs* lá fyrir en þrátt fyrir það hafa talsmenn skógræktar opinberlega réttlætt þau vinnubrögð. Þar virðist því hrópandi ósamræmi á milli stefnu og framkvæmdar opinberra aðila. Núverandi lög gera ráð fyrir að ný skógræktarsvæði fari ekki sjálfkrafa í mat á umhverfisáhrifum nema þau séu yfir 200 hektarar að flatarmáli. Fuglavernd telur þessi mörk alltof há, auk þess sem dæmi eru um að fleiri slík svæði séu nánast aðliggjandi eða innan sömu landareignar, en hafi aldrei farið í umhverfismat. Að sjálfsögðu eru mikil vistfræðileg áhrif breyttrar landnotkunar á svo stórum svæðum. Í kafla 3.4.4 um aðrar auðlindir er m.a. fjallað um vindorkuver og má þar skilja af 2. markmiði á bls. 56 að vindorkuverum verði ekki komið fyrir á mikilvægum fuglasvæðum. Þetta er mikið fagnaðarefni því það hefur verið baráttumál Fuglaverndar undanfarin ár að undanskilja slík svæði (skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar), jaðarsvæði þeirra og sömuleiðis mikilvægar farleiðir fugla frá uppbyggingu vindorkuvera.¹¹ Hingað til hafa frumvörp um lagaramma vindorkuvera ekki innihaldið mikilvæg fuglasvæði, sem þó eru afmörkuð út frá líffræðilegri fjölbreytni og skuldbindingum Íslendinga.¹² Þekkt er að vindorkuver geta valdið fuglum miklum skaða og ætti uppbygging vindorkuvera á eða við mikilvæg fuglasvæði og mikilvægar farleiðir fugla því aldrei að koma til álita. Á það við bæði á landi og í sjó. Varðandi flutning raforku um landið er mikilvægt að koma sem mest af rafstrengjum í jörð, enda er vel þekkt að fuglar særast og drepast við áflug á raflínur. Þetta á sérstaklega við um stóra og svífaseina fugla eins og andfugla og erni.¹³ Að þessu þarf að huga varðandi lagningu nýrra lína um búsvæði fugla en ekki síður varðandi þær línur sem þegar eru í umferð og liggja t.d. yfir votlendi, farleiðir fugla eða þvert yfir firði.

Leiðarljós D – Framandi ágengar lífverur, mengun og loftslagsbreytingar

Framandi og ágengar lífverur eru taldar á meðal helstu ógna við líffræðilega fjölbreytni og fá mikilvægan sess í stefnuðrögunum. Málefnið hefur verið í algjörum

¹¹ https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Vindorkufrumvarp-Fuglar_14.pdf

¹² <https://www.natt.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi>

¹³ <https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Fuglar13-Aflug.pdf>

ólestri hjá íslenskum stjórnvöldum og stöndum við öðrum V-Evrópuþjóðum langt að baki hvað málið varðar. Þessi stefnudrög vekja þó upp von um að það sé að breytast. Hér þarf þó að dýpka aðeins umfjöllunina varðandi eftirfarandi atriði:

Skilgreining á gengra tegunda ofarlega á bls. 60 er of þröng, því tegundir teljast ekki einungis ágengar ef þær hafa neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni, heldur líka ef þær hafa áhrif á efnahag eða heilsu manna.^{14,15} Glærmöttull er dæmi um framandi tegund sem hefur efnahagsleg áhrif og lúsmý hefur bæði áhrif á efnahag (varnir og viðbrögð einstaklinga) og heilsu fólks.

Í 2. efnisgrein á bls. 60 segir að málaflokkur framandi tegunda sé „ekki með sterka“ stöðu í stjórnkerfinu. Þar væri réttara að segja að hann væri í dag ósýnilegur í stjórnkerfinu og það að segja að hann væri með „veika“ stöðu væri líklega fegrun sannleikans.

Öll markmiðin á bls. 61 eru sérlega mikilvæg en hér drögum við fram 2. markmiðið. Í mörg ár hefur það staðið málefnið fyrir þrifum að ekki hefur verið til faglega unninn listi yfir ágengar og mögulega ágengar tegundir hér á landi.¹⁶ Slíkur listi þarf að byggja á faglegu og vísindalega samþykktu áhættumati á þeim framandi tegundum sem hingað hafa komið. Þar væri æskilegt að fylgja leiðbeiningum

Evrópusambandsins um gerð slíks áhættumats¹⁷ og nýta verkfæri í anda GEIAA matsferilsins,¹⁸ sem Norðmenn hafa nýtt til að meta vistfræðileg áhrif, og SEICAT til að meta félags- og hagfræðileg áhrif.¹⁹ Þegar tegundalisti sem byggir á slíku áhættumati er tilbúinn þarf svo að yfirfara hann og uppfæra eigi sjaldnar en á 3 ára fresti eftir því sem nýjar upplýsingar koma fram. Mikilvægt er að tryggja fjármagn til að þverfaglegur hópur sérfræðinga geti komið að þessu verki, því það er grundvöllur þess að hægt sé að stjórna ágengum tegundum á markvissan og áhrifaríkan hátt. Varðandi stjórnkerfi málefna ágengra tegunda, þá hafa rannsóknir margoft sýnt fram á að langáhrifamestu og -ódýrustu aðgerðirnar gegn ágengum tegundum eru þær sem eru fyrirbyggjandi eða gripið er til á fyrstu stigum mögulegs landnáms. Hér á landi vantar almennt mikið upp á að það sé gert.

Í dag er vöktun framandi og ágengra tegunda í ólestri og á sér ekki sess í íslensku stjórn- eða stofnanakerfi. Það sem vel er gert er vöktun Náttúrustofu Suðvesturlands á framandi tegundum á strandsvæðum en sú vöktun hefur verið framkvæmd að

¹⁴ <https://doi.org/10.1111/brv.12627>

¹⁵ <https://portals.iucn.org/library/efiles/documents/Rep-2000-052.pdf>

¹⁶ <https://doi.org/10.1016/j.jenvman.2022.116374> (sjá sérstaka umfjöllun um Ísland í 3. viðauka greinarinnar hér: <https://ars.els-cdn.com/content/image/1-s2.0-S0301479722019478-mm3.docx>).

¹⁷ <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32018R0968&from=en>

¹⁸ <https://link.springer.com/article/10.1007/s10530-019-02033-6>

¹⁹ <https://besjournals.onlinelibrary.wiley.com/doi/pdf/10.1111/2041-210X.12844>

frumkvæði þessarar einu stofnunar án sérstakrar fjármögnunar, sem er í eigu eins sveitarfélags (Suðurnesjabæjar). Brýnt er að stórbæta vöktun framandi og ágengra tegunda hér á landi. Slíkri vöktun má skipta í tvennt, þ.e. a) vöktun á útbreiðslu, algengi og áhrifum þeirra tegunda sem þegar hafa náð fótfestu hér á landi og b) vöktun á komu nýrra tegunda sem berast hingað með ferðafólki, varningi eða með skipum (í kjölfestuvatni og/eða á skipskrokkum). Dæmi um ófullnægjandi ástand í dag er að minkur, sem talin er ein ágengasta spendýrategund í Evrópu og allir sérfræðingar eru sammála um að sé ágeng á Íslandi, er ekki vöktuð hér á landi, þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld verji tugum milljóna á ári til veiða sem lúta engri yfirstjórn heldur falla undir verksvið 62 sveitarfélaga sem hvert og eitt hefur mismunandi stefnu og verklag hvað veiðarnar varðar. Vöktun minkastofnsins ætti að vera hluti af markvissri stjórnun hans til að draga úr tjóni á lífríki landsins, m.a. á fuglalífi. Betri stjórnun minkaveiða verður að byggja á gögnum og er hér um að ræða verulegt hagsmunamál náttúruverndar, þar á meðal fuglaverndar.

Bæta þarf kerfið sem heldur um og hefur eftirlit með innflutningi varnings og með losun á kjölfestuvatni skipa og ásetutegundum á skipskrokkum. Þetta er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir innflutning ágengra tegunda, bæði skaðvalda í ræktun og náttúrulegum kerfum. Í kafla 3.5.2 um mengun þarf að bæta við umfjöllun um þrávirk lífræn mengunarefni, sem geta valdið miklum skaða í vistkerfum. Hún myndi passa við hlið þungmálma, sem einnig magnast upp í fæðukeðjum og hafa mest áhrif á dýr á toppi þeirra.

Í kafla 3.5.3 um loftslagsbreytingar (bls. 64) er réttilega fjallað um mikilvægi þess að aðgerðir til að draga úr losun hafi ekki neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Þó er ekki síður mikilvægt að þetta gildi líka um aðgerðir til að auka bindingu í jarðvegi og gróðri. Til að mynda má halda því fram að síaukin skógrækt, sem ætlað er að binda kolefni í gróðri og er að verulegu leyti fjármögnuð með skattfé, gangi beinlínis gegn markmiðum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni eins og fram kemur annars staðar í þessari umsögn.

Í upptalningu ábyrgðaraðila á bls. 65 vantar „og náttúrustofa“ aftast í textann því náttúrustofur stunda langtímarannsóknir á lífríki landsins, þ.m.t. fuglum.

Leiðarljós F – Þekking er undirstaða árangurs

Gott er að sjá að öflun og miðlun þekkingar sé hér gert hátt undir höfði en þetta er þáttur sem orðið hefur út undan og mikilvægt er að efla. Bæði þarf að efla vöktun og rannsóknir á líffræðilegri fjölbreytni, þar með talið á framandi og ágengum tegundum, og einnig þarf að auka miðlun rannsóknaniðurstaðna til almennings og stjórnvalda, sem og að stórauka og bæta kennslu um líffræðilega fjölbreytni á öllum skólastigum og fræðslu um hana til almennings.

Í kafla 3.7.1 mætti bæta umfjöllun um að bæta gæði vistgerðaflokkunar á Íslandi. Árið 2016 birti Náttúrufræðistofnun tímamótaverk sitt um flokkun vistgerða hér á landi, sem skoða mátti í vefsíðu. Þar með batnaði til muna þekking á útbreiðslu og flatarmáli mismunandi vistgerða, sem og á sérstöðu íslensks gróðurfars, því flokkunin byggði að grunni til á samevrópsku flokkunarkerfi. Aðstandendur þess verkefnis vissu, og það hefur svo komið sífellt betur í ljós, að um grófa flokkun var að ræða og að hana þyrfti að sannreyna og bæta. Sú vinna hefur þó í langflestum tilfellum ekki farið fram, sem takmarkar mjög notkunarmöguleika þessa verkfæris, m.a. í skipulagsvinnu. Brýnt er að halda áfram með þessa vinnu með því að fara um landið og sannreyna vistgerðaflokkunina. Einnig má ekki gleyma því að gróðurfar hefur þróast á þeim 13-14 árum sem víðast hvar eru liðin frá því valin svæði voru heimsótt og þessi flokkun byggir á. Beit hefur minnkað, ýmis landnotkun breyst, frístundabyggð þanist út og útbreiðsla framandi tegunda aukist. Því þarf að uppfæra kortlagninguna og ætti það verkefni að vera viðvarandi. Þetta verkefni hefði talverða samlegð við önnur verkefni, sérstaklega varðandi skipulag landnotkunar. Fyrsta markmið kafla 3.7.1 kveður á um gerð yfirlitsáætlunar um mikilvægar rannsóknir. Brýnt er að fjölbreyttur hópur sérfræðinga af mörgum stofnunum komi að þeirri vinnu.

Varðandi efla menntun um líffræðilega fjölbreytni, þá er mikilvægt að ábyrgð á henni sé skýr, þ.e. að ákveðnum mennta- og rannsóknastofnunum eða félagasamtökum verði falið skýrt hlutverk og skyldur hvað það varðar og að verkaskipting verði skýr á milli þeirra. Stór hluti af starfsemi Fuglaverndar hefur frá upphafi falið í sér almenningafræðslu og sér stjórn félagsins mikil tækifæri í að efla hana enn frekar.

Að lokum

Plaggið sem hér hefur verið fjallað um er ætlað að marka næstu skref stjórnvalda í málaflokknum. Mikilvægt er að stefnan sé skýr og við teljum að svo sé, þótt bæta megi umfjöllun um þau atriði sem hér hafa verið nefnd. Á endanum er það þó aðgerðaáætlun og enn fremur framkvæmd hennar sem mestu máli skiptir. Hér er fædd mjög góð byrjun sem gefur tilefni til meiri bjartsýni í málaflokknum en ríkt hefur um hann í mörg ár. Við óskum stjórnvöldum góðrar ferðar.

F.h. stjórnar Fuglaverndar,

Menja von Schmalensee, formaður Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fuglaverndar